

# Umhverfisskýrsla 2022



# Starfsemi Hölds

Höldur ehf. starfar á íslenskum bílaleigu- og bílgreinamarkaði og var fyrirtækið stofnað árið 1974. Auk Bílaleigu Akureyrar sem er með afgreiðslur og útibú um allt land, rekur fyrirtækið alhliða bílþjónustu á Akureyri. Má þar nefna dekkjaverkstæði ásamt bílaþvottastöð, bílasölu með nýja og notaða bíla ásamt bifreiða- og tjónaviðgerðaverkstæði. Höldur er sölu- og þjónustuaðili á Norðurlandi fyrir bílaumboðin Heklu og Öskju. Þá á félagið þónokkrar fasteignir sem það ýmist nýtir í eigin rekstur eða til útleigu. Bílaleiga Akureyrar er umboðsaðili Europcar bílaleigukeðjunnar á Íslandi.




# Stefnur og stjórnkerfi

Félagið setti fram stefnur um gæðamál, umhverfismál, mannauðsmál og vinnuvernd árið 2009, persónuverndarstefnu 2018, stefnu um jafnlaunamál árið 2019 og stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka árið 2022. Árlega eru þessar stefnur yfirfarnar af framkvæmdaráði í rýni stjórnenda. Á árinu 2022 var unnið að stefnumótun þar sem mótaðar voru áherslur og stefna í sjálfbærni og í þeirri vinnu var horft til þriggja grunnflokka sem eru umhverfi, félagsleg málefni og stjórnarhættir. Áætlað er að stefna um sjálfbæra þróun og samfélagsábyrgð verði gefin út á fyrsta ársfjórðungi 2023.

Umhverfisuppgjör Hölds gerir grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Við útreikninga á kolefnisspori félagsins er stuðst við reiknivél Eflu og Festu miðstöð um samfélagsábyrgð sem byggir á aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol og var síðast uppfærð í nóvember 2022.

Losun vegna eigin aksturs bifreiða félagsins kemur fram í umfangi 1 og raforkunotkun í umfangi 2. Losun vegna flugs starfsmanna, urðun úrgangs og eldsneytisnotkunar viðskiptavina kemur fram í umfangi 3 en ekki eru mældir fleiri þættir í umfangi 3 að svo stöddu.



## Eigin akstur

Hlutfall visthæfra ökutækja, raf-og tengiltvinnbíla af heildarflota jókst úr 16,2% árið 2021 í 25% árið 2022 og fyrirtækið átti í árslok 456 rafbíla. Losun vegna eigin aksturs verður að mestu til vegna tilfærslu bifreiða í eigu félagsins milli staða en í rafbílar eru notaðar í akstur og ferðir starfsmanna vegna vinnutengdra ferða á stærstu starfsstöðvum félagsins.

## Raforkunotkun

Raforkunotkun á hvern fermetra fasteigna jókst um 3% milli 2021 og 2022 en taka þarf mið af mikilli fjölgunnar rafbíla í bílaflota félagsins sem hlaðnir eru á starfsstöðvum fyrirtækisins. Á árinu vann félagið að uppbyggingu hleðsluinnviða með uppsetningu á 11 hleðslustöðvum og er nú með yfir 60 hleðslustöðvar á sex starfsstöðvum sem hefur í för með sér aukna raforkunotkun.



# Úrgangur

Tveir úrgangslíðir eru mjög breytilegir milli ára og hafa mikil áhrif á endurvinnsluhlutfall en það er grófur úrgangur vegna framkvæmda og úrgangur frá olíu- og sandgildrum. Ef þessi líðir eru teknir út úr heildarúrgangi er niðurstaðan lýsandi fyrir flokkun og endurvinnslu í daglegum rekstri eða 88,4% endurvinnsluhlutfall.

## Mótvægisaðgerðir

Starfsmenn Hölds gróðursetja árlega milli 1500 og 3000 tré og í heildina hafa starfsmenn gróðursett yfir 33.000 trjáplöntur. Árið 2022 gróðursettu starfsmenn félagsins 3050 trjáplöntur. Binding vegna eigin gróðursetningar 305 tCO<sub>2</sub>í, er ekki vottuð og því um vænta bindingu að ræða.



# Losun gróðurhúsalofttegunda

	Áhrif	Eining	2020	2021	2022
Heildarlosun umfang 1	Bein	tCO2í	87.06	112.77	184.97
Losun vegna eigin aksturs/eldsneytisnotkunar	Bein	tCO2í	87.06	112.77	184.97
Heildarlosun umfang 2	Óbein	tCO2í	11.3	9.7	10.53
Losun vegna raforkunotkunnar	Óbein	tCO2í	11.3	9.7	10.53
Losun vegna notkunnar á heitu vatni til húshitunar	Óbein	tCO2í	-	-	-
Heildarlosun umfang 3	Óbein	tCO2í	200.03	253.26	420.67
Losun vegna flugs starfsmanna	Óbein	tCO2í	3.06	6.07	12.64
Losun vegna urðun úrgangs (almennur og lífrænn)	Óbein	tCO2í	38.17	27.3	30.7
Losun vegna urðun á grófum úrgangi frá framkvæmdum	Óbein	tCO2í	120.53	35.8	48.5
Losun vegna urðun á úrgangi frá sand,-og olíugildrum	Óbein	tCO2í	38.27	20.7	35.2
Losun vegna eldsneytisnotkunar viðskiptavina	Óbein	tCO2í	-	163.39	293.63
Samtals losun GHG - Kolefnisspor án bindingar		tCO2í	298.39	375.73	616.17
Losunarkræfni starfsfólks		tCO2í	1.48	1.57	2.37
Vænt kolefnisbinding með eigin gróðursetningu*		tCO2í	167	0	305
Kolefnisspor með væntri bindingu		tCO2í	157.1	375.73	311.17
Meðalfjöldi starfsfólks/ársverk		Fjöldi	202	240	260
*Árið 2022 gróðursettu starfsmenn félagsins 3050 trjáplöntur. Binding eigin gróðursetningar 305 tCO2í, er ekki vottuð og því um vænta bindingu að ræða.					
Lykiltölur		Eining	2020	2021	2022
Raforkunotkun		kWst	1,159,627	985,330	1,019,941
Heitt vatn til húshitunar		M3	88,875	89,834	92,361
Úrgangur heildarmagn		kg.	338,767	313,162	388,716
Endurunnið/Endurnýtt		kg.	183,911	215,431	257,384
Lífrænt til moltugerðar		kg.	3,851	3,041	3,162
Urðaður almennur úrgangur		kg.	28,850	30,460	34,260
Urðaður grófur úrgangur vegna framkvæmda		kg.	92,715	40,670	55,160
Urðaður úrgangur frá olíu,-og sandgildrum		kg.	29,440	23,560	38,750
Spilliefni		kg.	5,536	7,534	6,468
Endurvinnsluhlutfall		%	55	70	67
Hlutfall flokkaðs úrgangs		%	65	78	77
Endurvinnsluhlutfall án grófs úrg. og úrg. frá olíu og sandgildrum		%	86.7	87.8	88.4

\*<sup>1</sup> Nýr liður 2021: Eldsneyti á nýja bíla sem notað af viðskiptavinum og því ekki eigin eldsneytisnotkun Hölds.

\*<sup>2</sup> Við útreikninga á kolefnisspori er stuðst við reiknivél Eflu og Festu miðstöð um samfélagsábyrgð. Reiknivélin byggir á aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol og var síðast uppfærð í nóvember 2021.